



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
28. desember 2018

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fyrsti ársfjórðungur 2019

- Á fyrsta ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 8-12 ma.kr. að söluvirði¹.
- Áformað er að gefa út í flokkunum RIKB 25 0612 og RIKS 26 0216.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2019 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi er áætluð á bilinu **8-12 ma.kr.** og verður áherslan á frekari uppbyggingu á RIKS 26 0216 ásamt sölu í 5 ára markflokki. Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á fyrsta ársfjórðungi 2019

Fjárhæðir í ma.kr.	Útgáfa
Skuldabréfaflokkar	Hámark
RIKB 25 0612	5
RIKS 26 0216	12

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Markmið í lausafjárstýringu er að draga úr sveiflum á viðskiptareikningi ríkissjóðs. Í því sambandi er mikilvægt að ríkissjóður hafi sveigjanleika til að ákvarða útgáfulengd og útgáfumagn í ríkisvixlum. Leitast verður við að miða uppgjörsdag útgefina ríkisvixla í upphafi hvers mánaðar

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Þegar launagreiðslur eiga sér stað. Þá verður miðað við að gjalddagi víxla lendi á dögum þegar von er á innstreymi tekna í ríkissjóð t.d. í tengslum við skattgreiðslur.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.